

1866.

20. ágúst.

hverja útaf fyrir sig, þar sem þær eru mjög lítilfjörlegar. Þær hafið mælt fram með, að leyft sé, að það megi rífa húsin á hjáleigunni Býlubúð, selja þau og borga andvirðið í ríkissjóðinn, og leggja síðan Býlubúðar land undir hjáleiguna Bjarnabúð, með þeim skilmálum, að galdið verði eptirleidis sama afgjald til landsdrottins, og galdið hefir verið til þessa af báðum hjáleigunum, að leiguliðinn skili húsunum á Býlubúð með tilhlýðilegu ofanálagi, og að ofanálagið og það sem fæst við opinbert uppboð fyrir hús þessi, eða efnið í þeim, verði tilgreint meðal tekjanna í umboðsreikningnum fyrir Arnarstapa umboð.

Útaf þessu skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess að þér auglýsið það, að dómsmálastjórnin eptir mála-vöxtum fellst á uppástungur yðar um þetta efni.

22. ágúst.

74. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um styrktarfé handa prestsekkju.

Í bréfi 1. þ. m. hafið þér, háæruverðugi herra, skýrt frá, að Ingibjörg Pálsdóttir, prestsekkja frá Hjarðarholti, sem veittir höfðu verið með bréfi stjórnarráðsins dagsettu 22. júnímán. 15 ríkisdalir af styrktarfé því handa fátækum uppgjafaprestum og fátækum prestsekkjum, sem veitt var í fjárhagslögum þessa árs, sé dáið, og hafið þér stungið uppá, að styrkur þessi verði veittur annari fátækri prestsekkju, Valgerði Pálsdóttur í Barðastrandar sýslu.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér birtið það, að stjórnarráðið fellst hérmeð á uppástungu yðar um þetta efni.